

# Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

## Ársreikningur 2016

Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga  
Sölvhólsgötu 7  
150 Reykjavík  
kt. 510211-0140

## Efnisyfirlit

|                               | Bls. |
|-------------------------------|------|
| Staðfesting ársreiknings..... | 3    |
| Áritun endurskoðenda .....    | 4    |
| Rekstrarreikningur .....      | 6    |
| Efnahagsreikningur .....      | 7    |
| Sjóðstreymi .....             | 9    |
| Skýringar .....               | 10   |

## Staðfesting ársreiknings

Við yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011 var stofnaður sérstakur fasteignasjóður, Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem annast fasteignir sem nýttar eru í þjónustu við fatlaða. Fasteignasjóðurinn starfar skv. reglugerð nr. 578/ 2012 og þeim lögum sem um hann gilda.

Á árinu 2016 var tekjuafgangur sjóðsins 408,1 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 3.347,0 m.kr, skuldir 8,6 m.kr. og eigið fé 3.338,4 m.kr.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og formaður ráðgjafarnefndar sjóðsins staðfesta ársreikning Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2016 með áritun sinni.

Reykjavík, 12 desember 2017



Sigurður Ingi Jóhannsson  
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra



Lúðvík Geirsson  
formaður ráðgjafarnefndar  
Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

## Áritun endurskoðenda

Til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu ráðgjafanefndar Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

Við staðfestum að samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og formanns ráðgjafarnefndar Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga (stjórnenda) sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 31. desember 2016, afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

### Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér á eftir. Við erum óháð Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit okkar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Þeir eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

## Áritun endurskoðenda

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit okkar. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Könnum hvort rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með taldar skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórnendur meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem kunna að koma upp við endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### Ábending:

Án þess að gera um það fyrirvara bendum við á að reglugerðin sem sjóðurinn starfar eftir féll úr gildi 31. desember 2015.

Ríkisendurskoðun, 12. desember 2017



Sveinn Arason,  
ríkisendurskoðandi



Sigurgeir Bóasson,  
endurskoðandi

## Rekstrarreikningur árið 2016

|  | Skýr. | 2016           | 2015             |
|--|-------|----------------|------------------|
| <b>Tekjur</b>                                |       |                |                  |
| Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.....     | 1     | 439.992        | 449.583          |
| Húsaleiga .....                              |       | 10.183         | 9.245            |
| Tekjur alls                                  |       | <u>450.175</u> | <u>458.828</u>   |
| <b>Framlög</b>                               |       |                |                  |
| Framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga..... | 3     | <u>150.408</u> | <u>575.000</u>   |
| <b>Rekstrarkostnaður</b>                     |       |                |                  |
| Laun og launatengd gjöld.....                | 4     | 460            | 843              |
| Annar rekstrarkostnaður.....                 | 5     | <u>5.730</u>   | <u>10.775</u>    |
| Rekstrarkostnaður samtals                    |       | <u>6.190</u>   | <u>11.618</u>    |
| Framlög og gjöld alls                        |       | <u>156.598</u> | <u>586.618</u>   |
| Rekstrarhagnaður.....                        |       | 293.577        | (127.790 )       |
| Hreinar fjármunatekjur.....                  | 6     | <u>114.549</u> | <u>112.764</u>   |
| Tekjuafgangur/tekjuhalli ársins              |       | <u>408.126</u> | <u>(15.026 )</u> |

## Efnahagsreikningur 31. desember 2016

|                                       | Skýr. | 31.12.2016       | 31.12.2015       |
|---------------------------------------|-------|------------------|------------------|
| <b>Eignir</b>                         |       |                  |                  |
| <b>Fastafjármunir:</b>                |       |                  |                  |
| Skuldabréf.....                       |       |                  |                  |
|                                       | 7     | 2.153.011        | 2.232.819        |
|                                       |       | <u>2.153.011</u> | <u>2.232.819</u> |
| <b>Veltufjármunir:</b>                |       |                  |                  |
| Áfallnar vaxtatekjur.....             |       | 41.544           | 40.186           |
| Aðrar skammtímakröfur.....            |       | 81.865           | 45.062           |
| Næsta árs afborganir skuldabréfa..... | 7     | 113.150          | 113.150          |
| Bankareikningar.....                  |       | 957.427          | 507.958          |
|                                       |       | <u>1.193.986</u> | <u>706.356</u>   |
| <b>Eignir alls</b>                    |       |                  |                  |
|                                       |       | <u>3.346.997</u> | <u>2.939.175</u> |

Óseldar fasteignir utan efnahagsreiknings eru 2 í árslok 2016.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2016

|  | Skýr. | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|--|-------|------------|------------|
|--|-------|------------|------------|

### **Skuldir og eigið fé**

#### **Eigið fé**

|                 |   |                  |                  |
|-----------------|---|------------------|------------------|
| Höfuðstóll..... | 8 | <u>3.338.382</u> | <u>2.930.256</u> |
|-----------------|---|------------------|------------------|

#### **Skammtímaskuldir:**

|                                      |              |              |
|--------------------------------------|--------------|--------------|
| Ógreiddur fjármagnstekjuskattur..... | 8.309        | 8.037        |
| Aðrar skammtímaskuldir.....          | 306          | 882          |
| Skammtímaskuldir samtals             | <u>8.615</u> | <u>8.919</u> |

|                 |              |              |
|-----------------|--------------|--------------|
| Skuldir samtals | <u>8.615</u> | <u>8.919</u> |
|-----------------|--------------|--------------|

### **Skuldir og eigið fé alls**

|                  |                  |
|------------------|------------------|
| <u>3.346.997</u> | <u>2.939.175</u> |
|------------------|------------------|

## Sjóðstreymi árið 2016

| Skýr. | 2016 | 2015 |
|-------|------|------|
|-------|------|------|

### Rekstrarhreyfingar:

|  |                    |                       |
|--|--------------------|-----------------------|
| <i>Veltufé frá rekstri</i>                                 |                    |                       |
| Tekjuafgangur/halli samkvæmt rekstrarreikningi.....        | 408.126            | ( 15.026 )            |
| Verðbætur skuldabréfa.....                                 | ( 33.342 )         | ( 35.197 )            |
| <b>Veltufé frá rekstri</b>                                 | <b>374.784</b>     | <b>( 50.223 )</b>     |
| <br><i>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</i> |                    |                       |
| Skammtímakröfur (hækkun), lækkun.....                      | ( 38.161 )         | 2.177                 |
| Skammtímaskuldir (lækkun), hækkun.....                     | ( 304 )            | 1.355                 |
|  | <b>( 38.465 )</b>  | <b>3.532</b>          |
| <br><b>Handbært fé frá rekstri</b>                         | <br><b>336.319</b> | <br><b>( 46.691 )</b> |
| <br><i>Fjárfestingahreyfingar</i>                          |                    |                       |
| Afborganir.....  | 113.150            | 113.006               |
| <b>Fjárfestingahreyfingar</b>                              | <b>113.150</b>     | <b>113.006</b>        |
| <br>Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....                     | 449.469            | 66.315                |
| Handbært fé í ársbyrjun.....                               | <b>507.958</b>     | <b>441.643</b>        |
| Handbært fé í árslok                                       | <b>957.427</b>     | <b>507.958</b>        |

## Skýringar

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður með sama hætti og tíðkast hjá A-hluta stofnunum. Varanlegir rekstrarfjármunir eru gjaldfærðir við kaup en ekki færðir til eignar í efnahagsreikningi. Í samræmi við ákvæði laga um fjárreiður ríkisins er ársreikningurinn að öðru leyti gerður samkvæmt lögum um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

### Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru metnar á kostnaðarverði.

### Handbært fé

Til handbærs fjár telst óbundin innstæða á bankareikningi.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

### Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna stofnunarinnar eru áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs eru lífeyrisskuldbindingar ekki færðar í ársreikningum einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur eru þær færðar í einu lagi hjá ríkissjóði.

### Bókhald

Fjársýsla ríkisins sér um bókhaldsskráningu fyrir sjóðinn.

### Skattar

Eins og aðrar stofnanir sem ríki og sveitarfélög bera ótakmarkaða ábyrgð á þá er Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga undanþeginn skattskyldu, sbr. 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

### Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

1. Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðsins var áður greitt Framkvæmdasjóði fatlaðra.

|                                       | 2016           | 2015           |
|---------------------------------------|----------------|----------------|
| Frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga ..... | <u>439.992</u> | <u>449.583</u> |

## Skýringar

### Sala eigna

2. Engar fasteignir voru seldar á árinu 2016. Tvær fasteignir eru óseldar en voru í útleigu á árinu 2016.
  
3. Framlag til Jöfnunarsjóðsins er á grundvelli d-liðar 2. greinar reglugerðar um Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nr. 578/2012 þar sem heimilað er að ráðstafa söluandvirði fasteigna og öðrum tekjum Fasteignasjóðsins umfram gjöld til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

|                                       |               |               |
|---------------------------------------|---------------|---------------|
| Til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga ..... | 150.408       | 575.000       |
|                                       | <hr/> 150.408 | <hr/> 575.000 |

### Starfsmannamál

4. Laun og launatengd gjöld vegna fulltrúa í ráðgjafarnefnd Fasteignasjóðsins eru færð hér. Ráðgjafarnefndin hætti störfum í árslok 2016.

|                               |           |           |
|-------------------------------|-----------|-----------|
| Nefndar- og stjórnarlaun..... | 406       | 725       |
| Launatengd gjöld.....         | <hr/> 54  | <hr/> 118 |
|                               | <hr/> 460 | <hr/> 843 |

### Annar rekstrarkostnaður

5. Kostnaður vegna umsjónar- og sölu fasteigna..... 74 48  
 Endurbætur v. fasteigna í umsjá Fasteignasjóðsins..... 4.015 7.894  
 Ýmiss rekstrarkostnaður..... 1.641 2.833  


---

5.730 10.775

### Fjármunatekjur

6. Fjármunatekjur greinast þannig:

|                             |                  |                  |
|-----------------------------|------------------|------------------|
| Vaxtatekjur.....            | 134.864          | 132.238          |
| Fjármagnstekjkuskattur..... | <hr/> ( 20.315 ) | <hr/> ( 19.474 ) |
|                             | <hr/> 114.549    | <hr/> 112.764    |

## Skýringar

### Skuldabréf

7. Skuldabréfin eru verðtryggð jafngreiðslulán með 2% vöxtum. Almennt er lánstíminn 25 ár.

|   | <b>2016</b>      | <b>2015</b>      |
|---|------------------|------------------|
| Staða skuldabréfa í árslok .....                | 2.266.161        | 2.345.969        |
| Næsta árs afborganir .....                      | ( 113.150 )      | ( 113.150 )      |
| <b>Skuldabréfæign í efnahagsreikningi .....</b> | <b>2.153.011</b> | <b>2.232.819</b> |

### Eigið fé

8. Yfirlit um breytingu á eigin fé á árinu 2016 greinist þannig:

|                            |                  |                  |
|----------------------------|------------------|------------------|
| Höfuðstóll 1/1 .....       | 2.930.256        | 2.945.282        |
| Tekjuafgangur ársins ..... | 408.126          | ( 15.026 )       |
| <b>Höfuðstóll 31/12</b>    | <b>3.338.382</b> | <b>2.930.256</b> |